

## Fundur stjórnar ÆSKP 19. janúar 2022 á Zoom

**Mætt:** Berglind, Máni, Anna Lilja, Sóley Adda, Hákon Darri, Aldís og Daníel Ágúst. Einnig situr Jóhanna Ýr fundinn.

**Fundur hófst kl. 20.03**

### Aðalfundur

Aðalfundurinn verður haldinn fyrr í ár heldur en vanalega. Hann verður haldinn 9. febrúar. Hugmyndin er að ný stjórn nái að vinna aðeins saman áður en sumarfrí byrjar og landsmótsundirbúningur hefst á fullu aftur. Það þarf að kjósa ritara og meðstjórnendur á þessum aðalfundi, sem og fimm varamenn.

Jóhanna Ýr hefur verið að undirbúa aðalfundinn. Hún og Anna Lilja hafa verið að gera möppuna klára fyrir bókarann, sem var reiðubúin að flýta bókhaldsmálunum okkar.

Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundastörf. Kosning stjórnarmeðlima, skýrsla gjaldkera, skýrsla formanns, skýrsla gjaldkera, skýrsla framkvæmdarstjóra, skýrsla landsmótsstjóra, o.s.frv.

Aðalfundurinn verður auglýstur í dag, sem er þriggja vikna fyrirvari samkvæmt lögum ÆSKP. Fundurinn verður haldinn á Zoom og slóðin verður send á póstlista ÆSKP.

Aðildarfélögin verða svo að senda skráningu upp á hverjir frá þeim hafa kosningarétt, en hvert aðildarfélag hefur tvö atkvæði.

### Heimasíða

Við erum að byrja með nýtt verkefni sem er Æskulýðsfélag mánaðarins. Jóhanna er búin að fá fjórar kirkjur til að byrja með. Landakirkja ríður á vaðið og byrjar með kynningu á æskulýðsstarfinu hjá þeim, bæði með texta og myndband. Jóhanna er komin með leyfisbréf fyrir myndbirtingu hjá einstaklingur sem birtast í myndbandinu sem eru undir 18 ára aldri, líkt og persónuverndarlög segja til um.

### Landsmót

Það þarf fljótlega að byrja að huga að Landsmóti. Það er verkefni sem að nýja stjórnin þarf að byrja að huga að sem fyrst. Við vonum auðvitað að Landsmót verði haldið á staðnum í ár og að mætingin verði góð.

## **Janúarnámskeið**

Vegna sóttvarna er ekki hægt að halda Janúarnámskeið í Janúar. Upp úr febrúar hefjast svo störfín (vonandi) á fullu með febrúarmótum, TTT-mótum og fleira sem að gerir það erfitt fyrir að finna nýja tímasetningu fyrir slíkt námskeið. Þetta verður endurskoðað með breyttum sóttvarnaraðgerðum.

**Fundi slitið kl. 20.35.**